

13. gr.

Ef loka þarf fyrir vatnsinntak svo sem vegna þess, að notkunar- eða fastagjald hefur ekki verið greitt innan 10 daga frá útsendingu reiknings Rafveitunnar eða stofngjald innan tilskilins frests skv. kröfubréfi bæjarsjóðs eða af öðrum þeim ástæðum, sem greindar eru í 10. gr. reglugerðar fyrir vatnsveitu Vestmannaeyja, skal húseigandi greiða 1000.00 kr. í opnunargjald áður en enduropnun fer fram.

14. gr.

Bæjarstjórn getur hækkað framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig um allt að 100%, eða lækkað þau um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis, enda verði gætt fyrir mæla l. nr. 94/1971, ákv. til bráðabirgða.

Fiskiðnaðurinn.**15. gr.**

Bæjarstjórn getur ákveðið sérstaka gjaldskrá fyrir fiskiðnaðinn og aðra vatnsfreka starfsemi.

16. gr.

Þegar rætt er um fasteignamatsverð í gjaldskrá þessari er átt við fasteignamat það, sem öðlaðist gildi um áramótin 1971—1972.

17. gr.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1972.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 174 10. júní 1968 með breytingu nr. 99 frá 8. apríl 1969.

Félagsmálaráðuneytið, 11. apríl 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ**fyrir Vatnsveitu Sauðárkrókskaupstaðar.****1. gr.**

Bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og getur fullnægt og einnig til hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn lætur leggja vatnsæðar svo víða um kaupstaðinn, sem henta þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, er lóðir þeirra liggja að. Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar á sinn kostnað.

3. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveitu Sauðárkróks, skal sækja um leyfi bæjarstjórnar þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

4. gr.

Umsjónarmaður vatnsveitunnar hefur eftirlit með öllu, sem að vatnsveitunni lýtur og er öllum neytendum skylt að fara eftir fyrirmælum hans um efni, lagningu og viðhald vatnsæða sinna og annast viðgerðir og endurbætur tafarlaust, ef hann telur þess þörf.

5. gr.

Heimilt er umsjónarmanni vatnsveitunnar að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það svo óþrifum valdi eða vanrækja að annast nauðsynlegt viðhald á pípum sínum og tækjum, sem við þær eru tengdar. Bannað er að tengja vélar við vatnsveituna, nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar.

6. gr.

Vatnsveitunefnd og umsjónarmanni er heimilt að fara um hús manna þar sem vatnsæðar liggja til þess að athuga þær og tæki þau, sem við þær eru tengdar.

7. gr.

Bæjarstjórn getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf vegna hreinsunar á vatnsgeymum, tengingu eða viðgerðar á vatnsæðum veitunnar. Slíkar lokanir skal tilkynna fyrir fram, ef nokkur tók eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða þó að slík lokun fari fram.

8. gr.

Af öllum húseignum í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks, sem virt eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða næst til vatnsæða skal greiða vatnsskatt árlega. Skatturinn skal lagður á eftir lögskipaðri fasteignamatsvirðingu húsanna og telst húshluti, sem virtur er sér til fasteignamats í þessu sambandi, heilt hús.

9. gr.

Af húsum þeim er í 8. gr. eru talin, skal greiða vatnsskatt sem hér segir:
2% af fasteignamati húsa, þó aldrei minna en kr. 4.50 á rúmmeter og aldrei meira en kr. 6.50 á rúmmeter.
Bæjarstjórn er heimilt að víkja frá lágmarksgjaldi, ef um sérstakar ástæður er að ræða. Hafi hús ekki verið virt fasteignamatsvirðingu ákveður vatnsveitan skattinn.

10. gr.

Vatnsveitan getur, þar sem ástæða þykir til, selt vatnsnot samkvæmt mæli, sem hún setur upp og annast viðhald á, og skal þá greiða kr. 3.50 fyrir hverja smálest. Vatnssala samkvæmt þessari grein fellur í gjalddaga ársfjórðungslega.

11. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, er hér hafa verið nefnd, skal greiða samkv. samkomulagi við bæjarstjórn.

12. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Atvinnurekandi, útgerðar- maður eða útflytjandi ber ábyrgð gagnvart vatnsveitunni á greiðslu vatnsskatts af síld og öðrum fiski. Eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á, að vatnsskattur af vatnsskattsskyldri framleiðslu eða verkun á stöð hans sé greiddur á gjalddaga.

13. gr.

Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 23.00 fyrir hverja smálest, en minnst gjald skal þó vera kr. 150.00 fyrir fiskiskip og kr. 300.00 fyrir önnur skip. Bæjarstjórn er heimilt að ákveða að hafnarbryggja Sauðárkróks greiði vatnsveitunni ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir ákvörðun bæjarstjórnar, enda hafi bryggjan tekjur af vatnssölu þeirri, er fram fer á bryggjunni.

14. gr.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki að viðlögðum sektum fara af höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

15. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts er sami og gjalddagi fasteignaskatts og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskatt má taka lögtaki í hinu skattskylda húsi eða atvinnufyrirtæki, án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðsréttar í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

16. gr.

Heimilt er bæjarstjórn fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50%.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaup- staðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Sauðárkróks nr. 163 21. sept. 1959, og breyting við þá reglugerð nr. 172 26. ágúst 1970.

Félagsmálaráðuneytið, 14. apríl 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.